



Til bæjarráðs

Kópavogi, 9. september 2025
2506404/502.01 ÁAK

Efni: Beiðni um heimild til veðsetningar lóðanna Heiðarhvarfs 5 og Heiðarhvarfs 7.

Undirritaðri hefur borist beiðni Fagrahúss ehf. kt. 630222-1250 um heimild til veðsetningar lóðanna Heiðarhvarfs 5, F 253-6758 og Heiðarhvarfs 7, F253-6759 sem félaginu úthlutað á fundi bæjarráðs þann 10. júní sl.

Í kafla 1.8. í úthlutunarskilmálum segir að byggingarrétti sé úthlutað á nafn umsækjanda og óheimilt sé að framselja byggingarrétt eða veðsetja lóð fyrr en að loknu byggingarstigi 4, samkvæmt þeim íslenska staðli sem gildir um byggingarstig nema fyrir liggi samþykki bæjarráðs Kópavogsbæjar.

Óskað er eftir heimild til veðsetningar á 1. veðrétt veðskuldabréfi að allt að fjárhæð allt að kr. 25.000.000,- þinglýst á lóðirnar við Heiðarhvarf 5 og 7 vegna lóðargjalda og framkvæmda.

Fáist samþykki bæjarráðs fyrir veðsetningunni er gefið út skilyrt veðleyfi um að lánsfjárhæðin lóðanna greiðist út til Kópavogsbæjar en byggingarréttur lóðarinnar nemur kr. 42.553.900.

Með hliðsjón af framangreindu sér undirrituð ekki meinbugi á því að veðsetning verði heimiluð á ofangreindum lóðum.

Virðingarfyllst,

Ása A Kristjánsdóttir
Yfirlögfræðingur

